



Fararstjórar í dagsferðum hjá FFA

Atriði sem þarf að hafa í huga

Ferðafélag Akureyrar leitar til fólks sem þekkir vel til á því svæði sem fara á um og/eða hefur reynslu af ferðum á svæðinu.

Fararstjóri:

- Lætur vita tímanlega ef einhverjar breytingar verða t.d. ef hann getur ekki farið í ferðina. Fær þá helst annan fyrir sig sem þekkir leiðina.
- Undirbýr sig vel. Kynnir sér leiðina sem fyrirhuguð er, t.d. með undirbúningsgöngu, er vel meðvitaður um veðurspá, snjóalög, aðstæður, öryggi, hækkun, gönguland og bratta.
- Mætir 15 - 20 mínútum fyrir brottför.
- Hjá FFA: Fær vesti, sjúkratösku og annað sem til þarf á skrifstofu FFA og setur neyðarnúmer FFA inn í símann sinn. **Neyðarnúmer til FFA 822-5193 skrifstofa. Aukanúmer 854-0247 Einar Hjartarson**
- Tekur með sér þátttakendalista.
- Fararstjóri metur í samráði við skrifstofu FFA hvort þörf er á að skrá ferðina á Safetravel.
- Á bottfararstað: Býður þátttakendur velkomna í ferðina. Kynnir sig, segir aðeins frá reynslu sinni af svæðinu eða tenginu við svæðið sem fara á um. Lýsir ferð, segir hvernig ferð á staðinn verður háttað, sameinast í bíla, hvar á að leggja bílum. Hvað ferðin tekur langan tíma, bratti, klettur og ef aðstæður í ferðinni eru þannig að fólk geti orðið lofthætt. Segir líka hvaða fyrirkomulag hann hefur í ferðinni varðandi hópinn, nestispásur o.fl.
- Allir kynni sig t.d. nafn og hvaðan fólk er. (Ef vill).
- Í ferðinni: Miðlar af reynslu sinni og þekkingu um örnefni, sögu, náttúru, jarðfræði o.fl. eftir því sem áhugasvið og sérþekking leyfir. Tekur hugsanlega fram að ef einhverjir eru í ferðinni sem þekkjast til á svæðinu megi þeir bæta við og segja skemmtilegar sögur.
- Fylgist vel með að ekki teygist of mikið úr hópnum, stoppar af og til til að safna hópnum saman og fylgist vel með þeim sem eru aftast eða eru seinir til gangs.
- Ef þátttakandi þarf að snúa við einhverra hluta vegna þá þarf fararstjóri að tryggja að hann komist til baka. Sjá liðinn „áhættuþættir“ á heimasíðu FFA.
- Deilir ekki við þátttakendur og leysir úr ágreiningsmálum með farsælum hætti. Ef málið snýr að FFA er vísað á skrifstofu.
- Deilir ekki á aðra fararstjóra, félagið almennt, stjórn eða skrifstofu.
- Það er ekki verra að fararstjóri viti af næstu ferðum hjá FFA og geti bent fólki á ferðir sem eru væntanlegar. Benda líka á heimasíðuna og facebook.
- Ef fararstjóri tekur myndir í ferðinni væri mjög gott ef hann sendi 8-10 valdar myndir eða svo til formanns FFA, formadur@ffa.is.
- Benda má þátttakendum sem eru í ferðinni og setja myndir inn á instagram, að merkja við FFA instagram líka.
- Eftir göngu fær fararstjóri sent eyðublað til að fylla í, örstutt skýrsla um ferðina.